

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 92/2025

2025/EES/46/03

frá 8. maí 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2788 frá 23. júlí 2024 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar fjölleiður í efnisþáttæfniviðaflokki 11 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009) í XIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 2788:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2788 frá 23. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2788, 31.10.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/2788, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2788, 31.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2788/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.